

Miðvikudaginn 1. október 1997.

Nr. 16/1997.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambands Íslands vegna
Sjómannafélags Ólafsfjarðar**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitandasambandi Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h.
Útvegsmannafélags Norðurlands vegna
Þormóðs ramma-Sæbergs hf.**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Sjómannadagur. Sektargreiðsla.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Málið sem dómtekið var 26. sept. sl. er höfðað með stefnu útgefni 22. ágúst sl. og þingfestri 25. sama mánaðar.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9, Ólafsfirði.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., kt. 681271-1559, Aðalgötu 10, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu að fjárhæð kr. 265.537 samkvæmt grein 1.40. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Að sögn stefnanda eru málavextir þeir að Sæberg hf. var útgerðaraðili v/b Hvannabergs ÓF-72, skipaskrárnúmer 2206, allt fram til 1. janúar 1997 og var skipið gert út frá Ólafsfirði. Voru undirmenn um borð félagsmenn í Sjómannafélagi Ólafsfjarðar. Sæberg hf. hefur nú verið sameinað fyrirtækinu Þormóði ramma hf. og er hinu nýja sameinaða fyrirtæki, Þormóði ramma-Sæberg hf., stefnt í máli þessu, sbr. XIV. kafla laga um hlutafélög nr. 30/1995.

Þann 21. apríl 1997 lét Hvannabergið ÓF-72 úr höfn á Ólafsfirði til veiðiferðar á „Flæmska hattinum“. Þann 12. júní 1997 kom skipið síðan til hafnar á Ólafsfirði úr þeirri veiðiferð. Þann 1. júní 1996 var almennur frídagur sjómanna samkvæmt lögum og kjarasamningum en þá voru skipverjar Hvannabergsins ÓF-72 á sjó samkvæmt ofan-sögðu. Veiðiferð þessi var afráðin af útgerð skipsins án nokkurs samráðs við áhöfn þess að sögn stefnanda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 20/1987 skal fyrsti sunnudagur júnímánaðar vera almennur frídagur sjómanna. Í 5. gr. s.l. segir að öll fiskiskip skuli liggja í höfn á sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12:00 á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12:00 á hádegi næsta mánudag.

Í grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna eru efnisleg samhljóða ákvæði og í 1. gr. laga nr. 20/1987 og er að öðru leyti vísað til umræddra laga í kjarasamningnum.

Ákvæði laga og kjarasamninga eru undanþæg hvað varðar almennan frídag sjómanna að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Í 3. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að ákvæði um frí um sjómannadagshelgina séu frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé áhöfn skipsins kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 segir að ákvæði 1. mgr. séu frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipsáhöfn kunn sú fyrirætlun áður en veiðiferð hefst. Einnig er víkið að því í lokamálslið 3. mgr. að víkja megi frá ákvæðum 1. mgr. ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar. Engar þær ástæður sem

um ræðir í nefndum undanþáguheimildum hafi verið fyrir hendi í því máli sem hér um ræðir.

Af öllu ofansögðu sé ljóst að stefndi hafi brotið bæði gegn ákvæðum greinar 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og gegn 1. gr. (svo) laga nr. 20/1987 með því að halda skipi sínu á veiðum á almennum frídegi sjómanna. Engar þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem heimiluðu stefnda að víkja frá tilvitnuðum ákvæðum laga og kjarasamninga um sjómannadag. Engu myndi breyta í þessum efnun þótt stefnda hefði tekist að afla samþykkis nokkurra skipverja fyrir úthaldi skipsins á sjómannadaginn. Ljóst sé af orðalagi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 að samþykki allra skipverja þurfi. Slíkt einróma samþykki hafi ekki legið fyrir.

Er þess krafist að dæmt verði að stefndi hafi gerst brotlegur gegn grein 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Þess er jafnframt krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt grein 1.40. í fyrrnefndum kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð kr. 265.537, sem renni í félagssjóð stefnanda, Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Um lagarök vísast til kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 20/1987, lög nr. 55/1980 og lög nr. 80/1938. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflytningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hinn 15. maí 1997 hafi stjórn Sjómannafélags Ólafsfjarðar tilkynnt Vinnuveitendasambandi Íslands, Sæbergi hf. og Landssambandi ísl. útvegsmanna að í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar hafi verið samþykkt að boða til ótímabundins verkfalls gegn Sæbergi hf., sem taki til þeirra félagsmanna sem starfa á Hvannabergi ÓF-72. Samkvæmt samþykktinni skyldi verkfallið hefjast kl. 00:00 þann 6. júní 1997 og standa þar til útgerðin féllist á að greiða og gera upp við starfsmenn sína í samræmi við kjarasamninga og

dóm Félagsdóms í málinu nr. 15/1996 sem kveðinn var upp 5. mars 1997.

Verkfallsboðun þessi var dæmd lögmæt með dómi Félagsdóms uppkveðnum 3. júní 1997. Þann 4. júní skrifaði VSÍ sjómannafélaginu bréf og tilkynnti að útgerð Hvannabergs ÓF-72 muni gera upp við áhöfn skipsins daginn eftir, þ.e. 5. júní 1997, með þeim hætti sem í bréfinu greindi. Með bréfi, dags. 5. júní 1997, hafi Sjómannafélag Ólafsfjarðar tilkynnt VSÍ að félagið hafi ákveðið að afboða verkfallið. Þegar hér var komið hafi skipið verið lagt af stað til Íslands vegna fyrirhugaðs verkfalls og ekki hafi verið aftur snúið. Skipið hafi lagt af stað frá Íslandi 21. apríl 1997 og hafi átt að landa í Harbour Grace á Nýfundnalandi þann 26. maí 1997. Vegna hótana um verkfall og verkfallsboðunar hafi því verið frestað tvisvar og að lokum siglt heim til Íslands og landað á Ólafsfirði þann 13. júní 1997.

Stefndi telur ekki skylt að veita skipverjum sem stunda veiðar á „Flæmska hattinum“ við Nýfundnaland frí um sjómannadagshelgina.

Um sjómannadaginn er fjallað í lögum nr. 20/1987 og kjarasamningum útvegsmanna og sjómanna, sbr. t.d. gr. 1.14. í kjarasamningi LÍÚ og SSÍ. Almenna reglan sé sú að öll fiskiskip skuli vera í landi tímabilið 12:00 á hádegi á laugardag fyrir sjómannadag til kl. 12:00 á mánudag eftir sjómannadag. Í síðustu kjarasamningum hafi 24 klst. verið bætt við fríið um sjómannadagshelgina. Í áður nefndum lögum séu undantekningar frá aðalreglunni í 1. gr. laganna. Í 2. gr. segi að ekki sé skylt að sigla kaupskipi til hafnar vegna sjómannadagsins. Sé kaupskipið statt í höfn um sjómannadagshelgina sé því þó óheimilt að láta úr höfn á þessu tímabili. Í 3. mgr. 5. gr. er fjallað um undantekningar varðandi fiskiskipin. Hvað fiskiskipin snertir þá sé ekki skylt að sigla til hafnar um sjómannadagshelgina frekar en hjá kaupskipunum ef viðkomandi fiskiskip landar afla sínum erlendis og áhöfninni hafi verið kunnugt um það áður en veiðiferð hófst. Í engu breyti hvort heldur skipið landar ífiski eða frosnum fiski í erlendra höfn og hvort langt eða stutt sé frá veiðistað til erlendra löndunarhafnar. Í kjarasamningum hafi á sínum tíma verið samið um það að við hefðbundið hafnarfrí bættust 36 klst. í viðbót fyrir það að vera ekki í landi á sjómannadag, þegar fiskiskip lönduðu afla erlendis. Hafi það bæst við hefðbundið hafnarfrí í næstu inniveru á eftir.

Með vísan til framanritaðs telur stefndi að ekki sé skylt að veita skipverjum á fiskiskipum sem landi afla sínum á Nýfundnalandi frí í höfn yfir sjómannadagshelgina, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987. Ekki sé útgerð skylt að leita eftir samþykki skipverja um það hvort skipi verði haldið úti til veiða um sjómannadagshelgina þegar fiskiskip landar í erlendri höfn.

Stefndi leggur áherslu á það, að sú staðreynd að skipið landaði á Íslandi en ekki erlendis, eins og fyrirhugað var, hafi eingöngu stafað af verkfallsboðun stefnanda. Skipverjum hafi frá upphafi að sjálf-sögðu verið kunnugt um það, að skipið myndi landa erlendis, þótt það brygðist af framangreindum ástæðum.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega þeirri fullyrðingu í stefnu á bls. 2 að samþykki allra skipverja hafi þurft að koma til ef halda hefði átt skipinu úti á sjómannadag. Það skilyrði eigi ekki við í tilvikum 1. málsliðar 3. mgr. 5. laga um sjómannadag nr. 20/1987, heldur eigi það eingöngu við í tilvikum 2. málsliðar 3. mgr. 5. gr., sem fjallar um „mikilvæga hagsmuni“.

Í kjarasamningi aðila 3. mgr. 1.14. um jóla- og áramótafrí og sjómannadag komi skýrt fram, að ákvæðin um sjómannadagshelgina séu frávikjanleg, eins og þar greini nánar frá. Skuli bæta við 36 klst. við næsta hafnarfrí í lok næstu veiðiferðar á eftir.

Þar sem stefndi hafi hvorki brotið í bága við lög nr. 20/1987 um sjómannadag né ákvæði kjarasamninga um sama efni, sbr. 3. mgr. gr. 1.14. krefst stefndi sýknu.

Niðurstæða.

Í 1. mgr. greinar 1.14. í kjarasamningi aðila segir: „Öll fiskiskip skulu liggja í höfn um sjómannadag og hafa komið til hafnar eigi síðar en kl. 12.00 á hádegi á laugardegi fyrir sjómannadag og láta ekki úr höfn fyrr en kl. 12.00 á hádegi næsta mánudag. Samfellt frí í tengslum við sjómannadag skal þó vera 72 klst. og telst það til innunninna fría skv. samningi þessum. Skipverjar skulu ekki vera skyldir til vinnu á framangreindu tímabili nema öryggi skipsins sé í hættu. Að öðru leyti fer um frí á sjómannadaginn eftir því sem segir í lögum nr. 20/1987.“ Í 3. mgr. tilvitnaðrar greinar kjarasamningsins segir svo: „Ákvæði um frí um sjómannadagshelgina og um jól og áramót eru frávikjanleg ef um er að ræða skip sem ætlað er að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirtælan áður en veiðiferð hefst.“ Í kjarasamningi eru ekki frekari

undanþáður frá meginreglu 1. mgr. um frí á sjómannadaginn. Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 um sjómannadag er enn fremur veitt undanþága frá meginreglunni „ef mikilvægir hagsmunir eru í húfi og samkomulag tekst þar um milli útgerðar og skipshafnar“.

Skilyrði kjarasamnings fyrir undanþágu frá meginreglu 1. mgr. gr. 1.14. í kjarasamningi um frí á sjómannadaginn eru þrengri en í tilvitnuðu lagaákvæði í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 20/1987 þannig að í kjarasamningi takmarkast undanþáguheimildin við það að skipi sé ætlað að sigla með afla sinn á erlendan markað, enda sé skipshöfn kunn sú fyrirætlan áður en veiðiferð hefst.

Hvannaberg ÓF-72 var í umrætt sinn á veiðum á Flæmingjagrunni. Ósannað er að skipverjum hafi verið tilkynnt fyrir upphaf veiðiferðar 21. apríl 1997 að siglt skyldi með aflann á erlendan markað enda var það ekki gert.

Samkvæmt framansögðu hefur stefndi brotið gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og ber því að dæma stefnda til þess að greiða sekt að fjárhæð kr. 265.537, samkvæmt gr. 1.40. í greindum kjarasamningi, er renni í félagssjóð Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Eftir þessum málsúrslitum er rétt að stefndi greiði stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000 og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þormóður rammi-Sæberg hf., braut gegn gr. 1.14. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi greiði kr. 265.537 í sekt er renni í félagssjóð Sjómannafélags Ólafsfjarðar.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Þormóðs ramma-Sæbergs hf., greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Ólafsfjarðar, kr. 100.000 í málskostnað.